



Stjórnarfundur UÍA

Í fjarfundi þann 18.08.2020 kl:17:30 mættir eru Gunnar Gunnarsson, Gunnar Gassi Gunnarsson, Pálína Margeirsdóttir og Benedikt Jónsson

Dagskrá

Fundagerð síðasta fundar

Samþykkt samhljóða

Þing UÍA

Fyrirhugað þing UÍA er dagsett þann 27. ágúst næstkomandi, fyrirliggur að þurfa að ákveða með hvaða formi við treystum okkur til að halda þingið við núverandi aðstæður vegna covid, fundamenn sammála um að ekki sé ráðlegt að fara að safna fólki saman við þessar aðstæður og því eina leiðin til að halda okkar striki sé í gegnum fjarfundabúnað. Ekki verður gerð krafa um fjölda fulltrúa en það verður krafa um þáttöku frá hverju félagi engu að síður.

Gunnar formaður ætlar að semja dreifipóst til aðildarfélagana þar sem þetta verður gert skýrt, sem Gassi mun í framhaldinu senda og einnig óska eftir tilnefningum til íþróttamanns og hvatningarverðlauna UÍA. Sjáum fyrir okkur að það sé hægt að hafa svigrúm til þriðjudags í næstu viku fyrir félög að skila þessu inn. Gassi ætlar einnig á næstu dögum að heyra í þeim hjá Val, Leikni, Neista og Einherja og athuga með fólk inni stjórn.

Benedikt mun að ganga frá fjárhagsáætlun á næstu dögum sem stjórn mun þá geta yfirfarið fyrir þing. Gunnar formaður tekur að sér að heyra í UMFÍ til að kanna hvort möguleiki sé að fá þá til að hýsa fundinn í gegnum Teams og einnig hvort einhver frá þeim gæti mætt og verið með innlegg og þá líka svarað fyrirspurnum ef einhverjar verða í umræðulið sem við sjáum fyrir okkur að hafa á þinginu um íþróttir á tímum covid. Formanni falið að móta tillögu varðandi mætingu á þing vegna LOTTÓ úthlutunar. Gunnar ætlar einnig að heyra í Stefáni Boga varðandi fundastjórn og Þorbjörgu Ólöfu varðandi setu í stjórn. Pálína tekur að sér að rita fundagerð á þingi. Stjórn sammála um að vera í betra tölvupóstsambandi næstu daga ef eitthvað er og funda svo með sama hætti þriðjudag/miðvikudag í næstu viku.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 18:20

Fundagerð ritaði Pálína Margeirsdóttir

